

Lög

Nr. 47

28. nóv.

um

breyting á lögum nr. 22, 3. nóvember 1915, um fasteignamat.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi, og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Fasteignamatsnefndir þær, sem eigi hafa lagt fram mat sitt hinn 1. ágúst 1918, samkvæmt 13. gr. laga um fasteignamat, 3. nóvember 1915, skulu leggja það fram hinn 1. janúar, 1. febrúar, 1. mars eða 1. apríl 1919, og skulu kærur yfir matinu komnar til formanns yfirmatsnefndar innan 30 daga frá því matið var lagt fram.

2. gr.

Yfirmatsnefnd skal innan 3 mánaða frá því matsgerðirnar voru lagðar fram hafa sent stjórnarráðinu öll hin lögboðnu skjöl um matið.

3. gr.

Stjórnarráðið skipar yfirmatsnefnd til þess að endurskoða og samræma hið nýframkvæmda mat allra fasteigna í landinu. Í nefndinni eiga sæti 5 menn, og er einn þeirra formaður, er stjórnarráðið skipar. Nefndin getur krafist allra upplýsinga um matið frá matsnefndum, er hún telur nauðsynlegar, og skulu nefndarmenn láta þær í tje ókeypis. Yfirmatsnefnd skal hafa lokið störfum sínum svo snemma, að hún hafi sent stjórnarráðinu hið endurskoðaða mat fyrir 1. júlí 1920. Stjórnarráðið setur nánari reglur um starf nefndarinnar.

4. gr.

Eftir að yfirmatsnefnd landsins hefir endurskoðað fasteignamatið, lætur landsstjórnin semja fasteignamatsbók fyrir alt landið. Gildið hún frá 1. apríl eftir að matinu er lokið, í fyrsta sinn frá 1. apríl 1921 til þess tíma, er nýtt fasteignamat kemur í gildi. Fasteignabókin skal löggilt af stjórnarráðinu, prentuð og send ókeypis öllum þeim, er fá Stjórnartíðindin kauplaust. Breytingar þær, sem verða á mati fasteigna milli þess, sem lögákveðið mat fer fram, skalbirta í A-deild Stjórnartíðindanna.

Nr. 47
28. nóv.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 28. nóvember 1919.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Sig Eggerz.

Nr. 48
28. nóv.

Lög

um

löggiltar reglugerðir sýslunefnda um eyðing refa o. fl.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Låenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Þá er sýslunefnd vill fá löggilta reglugerð um eyðing refa eða önnur þau málefni, er sýslunefndir eiga að setja reglugerðir um, samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaga 10. nóv. 1905, skal hún senda frumvarp sitt stjórnarráðinu til samþykta og löggildingar. Fallist stjórnarráðið á frumvarpið, þá löggildir það reglugerðina og fyrirskipar, hve nær hún skuli í gildi ganga, og er hún upp frá því skuldbindandi sem lög. Stjórnarráðið sjer um, að reglugerðin sje prentuð í Stjórnartíðindunum, B-deildinni.

2. gr.

Kostnaður við eyðing refa greiðist úr sveitarsjóði. Þó má sýslunefnd